

Aðalfundur Lí 20. október 2023

Ályktun

um aðgerðir til að minnka skaðleg áhrif áfengisneyslu í íslensku samfélagi og þar með bæta heilsu og félagslega stöðu einstaklinga, fjölskyldna og samfélagsins alls.

Aðalfundur Læknafélags Íslands (LÍ) haldinn í Kópavogi 20. október 2023 skorar á alþingismenn að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að minnka skaða af áfengisneyslu, sem er forgangsverkefni í lýðheilsu Íslendinga. Stýring á aðgengi að áfengi er sterkasta vopnið s.s. verð, auglýsingar, sölustaðir, aldurstakmark, umgjörð og reglur um ölvunarakstur. Aukið aðgengi að áfengi eins og netverslun og heimsending, mun valda enn meiri skaða fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið. Mikilvægt er að skrá og fylgjast með þróun aðgengis að áfengi og afleiðinga áfengisdrykkju í landinu. (1) Á sama hátt er afar mikilvægt að tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu á öllum stigum til að sinna áfengisvanda, jafnt snemminngripi sem meðferð við áfengisfíkn.

Greinargerð

Áfengi er vímuefni og eiturefni sem getur einnig valdið fíkn. Áfengi á þátt í meira en 3 milljón dauðsfalla í heiminum ári skv. WHO, auk örorku og heilsubresti hjá milljónum manna. Ofdrykkja áfengis veldur 5,1% af byrði sjúkdóma í heiminum (global burden of disease). Það er megin áhættuþáttur fyrir ótímabærum dauðsföllum og örorku einstaklinga í heiminum 15-49 ára og er ábyrgt fyrir 10% dauðsfalla í þessum aldurshópi, auk óendanlegs mannlegs harmleiks. (2)

Skorað er á Alþingismenn að beita öflugasta vopninu til að draga úr neyslu, lögum og reglum, sem er að draga úr aðgengi að áfengi. Í því felst að tryggja framkvæmd banns við auglýsingum og markaðssetningu, sérstaklega fyrir ungt fólk og unglinga. Beita þarf öllum leiðum til að hindra netsölu og heimsendingu áfengis. Halda þarf útsölustöðum í hæfilegum fjölda og staðsetningu miðað við mannfjölda. Takmarka aðgengi þarf með virkri verðstýringu. (3)

Á Íslandi hefur áfengisdrykkja aukist mikið frá aldamótum. Neyslumynstur Íslendinga hefur breyst. Dregið hefur úr drykkju unglinga góðu heilli, en drykkja þeirra eldri hefur aukist, drykkjumynstur hefur breyst og margfalt fleiri en áður drekka daglega. . Rannsóknir sýna margföldun á áfengistengdum lifrarsjúkdómum á Íslandi, þar með talið skorpulifur, en það er sjúkdómur sem vart fannst á Íslandi fyrir örfáum áratugum (4)

Aukið aðgengi að áfengi eins og netverslun og heimsending, mun valda enn meiri skaða fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið. Nýjar og vel gerðar erlendar rannsóknir hafa nú þegar sýnt þetta með óyggjandi hætti (Ástralía, Nýja Sjáland, Finnland) (5).

- 1) <https://www.who.int/initiatives/SAFER>
- 2) www.who.int/health-topics/alcohol#tab=tab_1
- 3) www.who.int/news-room/feature-stories/detail/10-areas-for-national-action-on-alcohol
- 4) Development of severe alcohol related liver disease over four decades in Iceland: impact of increased access and use of alcohol; Einar S Björnsson og félagar, Journal of Gastroenterology, 8.8.2023; <https://doi.org/10.1080/00365521.2023.2245939>

5) <https://movendi.ngo/news/2021/10/16/australia-boom-of-alcohol-on-demand-delivery-fuels-rise-in-alcohol-harm/>

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC7753625/>

<https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/14550725231160335>